

➤ Ekkert er til sparað í sviðsmyndum og tæknibrellum og tekið upp víða um heim 38

Bergsveinn og Gerður tilnefnd

● Tilnefnt til bókmenntaverðlauna



Bergsveinn Birgisson



Gerður Kristný,

Tilnefningar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs voru kynntar í Gunnarshúsi í gær. Fyrir Íslands hönd eru tilnefndar bækurnar Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson og Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju. Gyrðir Elíasson fékk verðlaunin á síðasta ári, sjöundi Íslendingurinn til að hljóta þau, en verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn 1962.

Danir tilnefna skáldsöguna Livliner eftir Vibeke Grønfeldt og ljóðabókina Skrevet på polsk eftir Janina Katz. Finnar ljóðsafnið I det stora hela eftir Gösta Ågren og ljóðabókina Carmen eftir Salla Susiluoto. Norðmenn ljóðabókina Jimmen eftir Öyvind Rimbereid og skáldsöguna Dager i stillhetens historie eftir Merethe Lindstrøm. Svíar ljóðasafnið Flodtid eftir Katarína Frostenson og skáldsöguna Lacrimosa eftir Eva-Marie Lifner. Færeyingar tilnefna smásagnasafnið Gullgentan eftir Hannu Kamban. Grænlendingar ljóðasafnið Nittaallatut eftir Tungutaq Larsen. Álandseyingar skáldsöguna Transportflotte eftir Speer Leo Löthman.

Dansmyndlist Hreyfingar flugdreka í Hafnarhúsi

Í dag kl. 16 sýnir Sigríður Soffía Nielsdóttir dansgjörninginn Hreyfingar flugdreka í D-sal Hafnarhússins en viðburðurinn er hluti af sýningu Bjarkar Viggósdóttur, Flugdrekar, sem þar er uppi. Sigríður samdi dansinn sérstaklega fyrir sýninguna, en verkið fjallar um höft og strengi með tilvísunum í bardagalistina.

Björk hefur sýnt á einkasýningum og tekið þátt í samsýningum víða um heim. Hún hefur unnið verkefni í samstarfi við aðra listamenn eða listhópa, þar á meðal tónskáld, tónlistarmenn og dansara. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay.



Sigríður Soffía Nielsdóttir

Myndlist og handverk Mótun, leir og tengd efni

Nemendur á námsleiðinni Mótun, leir og tengd efni í Myndlistaskólanum í Reykjavík opna samsýningu í Norræna húsinu í dag kl. 12. Verkin eru unnin úr margskonar leir, en hluti nemendanna hefur stundað rannsóknarvinnu með íslensk jarðefni. Á sýningunni vinnur annar hópurinn verk sem eru tengd minningum og eru unnin úr jarðleir, en hinn verk sem tengd eru endalokum og eru í formi duftkers.

Nám í mótun er tveggja ára tilraunastofa í samstarfi Myndlistaskólans í Reykjavík og Tækniskólans – skóla atvinnulífsins. Námið er leið til BA-gráðu við evrópska samstarfsskóla.



Norræna húsið

Myndlist Tigrisdýrasmjör með Kristínu

Á sunnudag kl. 15 reifar rithöfundurinn Kristín Ómarsdóttir hugleiðingar sínar um sýningu Óskar Vilhjálmsdóttur, Tigrisdýrasmjör, sem nú stendur yfir í A-sal Hafnarhússins.

Ósk Vilhjálmsdóttir er sjötti listamaðurinn sem gerir sérstaka innsetningu í A-sal Hafnarhússins að beiðni Listasafn Reykjavíkur. Um innsetningu sína segir Ósk: „Á botninum og hlaupum í hringi. Bítum í skott. Erum munstruð á skip sem hangir fast á einkennilegum stað. Er þetta ljóslogandi gróðurhús. Eða tjald í hausrökri, er einhver þarna? Við höfum alltaf verið á þessu skipi. Það hefur alltaf hangið þarna.“



Kristín Ómarsdóttir

Tilnefnt til bókmennta- og þýðingarverðlauna

● Tíu bækur tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna

Í gær var tilkynnt í Listasafni Íslands hvaða tíu bækur voru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, fimm í flokki fræðiritra og rita almenns efnis og fimm í flokki fagurbókmennta. Einnig voru birtar tilnefningar til Íslensku þýðingarverðlaunanna.

Í flokki fræðibóka og rita almenns efnis voru tilnefndar Morkinskinna I. og II. bindi sem Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson önnuðust og Hið íslenska fornritafélag gefur út, Góður matur, gott líf – í takt við árstíðirnar eftir Ingu Elsu Bergþórsdóttur og Gísla Egil Hrafnsson sem Vaka-Helgafell gefur út, Landnám – ævisaga Gunnars Gunnarssonar eftir Jón Yngva Jóhannsson sem Mál og menning gefur út, Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar eftir Pál Björnsson sem Sögufélagið gefur út og Ríkisfang: Ekkert – Flóttinn frá Irak á Akranes eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur sem Mál og menning gefur út.

Í flokki fagurbókmennta voru tilnefndar Allt með kossi vekur eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur, JPV gefur út, Konan við 1000° eftir Hallgrím Helgason sem JPV gefur einnig



Morgunblaðið/Sigurgeir S.

Verðlaun Rithöfundar og þýðendur sem tilnefndir voru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna annars vegar og hins vegar til þýðingarverðlaunanna.

út, Hjarta mannsins eftir Jón Kalman Stefánsson sem Bjartur gefur út Jarðnæði eftir Oddnýju Eiri Ævarsdóttur sem Bjartur gefur út og Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur sem Bjartur gefur út.

Formenn dómnefndanna tveggja munu velja síðan einn verðlaunahafa úr báðum flokkum ásamt forsetaskipudum formanni lokadómnefndar. Verðlaunin 2011 verða afhent af for-

seta Íslands um mánaðamótin janúarfebrúar næstkomandi. Verðlaunaupphæðin fyrir hvorn flokk er nú 1.000.000 kr. og var nýverið hækkuð.

Samhliða tilnefningum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna voru kynntar tilnefningar til Íslensku þýðingarverðlaunanna. Tilnefndar voru Andarsláttur eftir Hertu Müller sem Bjarni Jónsson þýddi og Ormstunga gefur út, Fásinna eftir Horacio Cas-

tellanos Moya sem Hermann Stefánsson þýddi og Bjartur gefur út, Regnskógabeltið raunamædda eftir Claude Lévi-Strauss sem Pétur Gunnarsson þýddi og JPV gefur út, Reisubók Gullfers eftir Jonathan Swift sem Jón St. Kristjánsson þýddi og Mál og menning gefur út og Tunglið braust inn í húsið, ljóð eftir marga höfundu sem Gyrðir Elíasson þýddi og Uppheimar gefa út.

Sverð á milli okkar

BÆKUR
SKAFTI P.
HALLDÓRSSON



Ljóð
Söknuður
★★★★★

eftir Matthías Johannessen. Veröld 2011, 83 bls.

Sjaldan hef ég hrifist eins af ljóðabók við fyrsta lestur og nýútkominni bók Matthíasar Johannessen, Söknuði. Hún er ort í kjölfar mikils áfalls höfundar í skugga láts eiginkonu hans og sá missir, sorgin og söknuðurinn setja mark sitt á þessa bók. Matthías er einn af brautryðjendum hins opna ljóðs og í þessari ljóðabók eru ljóðin ekki eingöngu opin heldur eru þau mörg hver eins og opið hjartasár. Titill ljóðabókarinnar vísar ef til vill til ljóðsins Saknaðar eftir Jóhann Jónsson sem lýsir skekinni heimsmynd þar sem dagar lífsins hafa lit sínum glatað. Kvæði Matthíasar framan til í bókinni opinbera svipaða sýn. Þau túlka innri óreiðu óringlunar. Skáldið spyr sig hvornig á því standi að konan liggja í kaldri gröf en líf þess sé töf milli tveggja heima. Ljóðmælandi

gengur jafnvel svo langt að setja ef á undan orðinu guð: „Ef guð er til / hví leyfir hann ekki / andartaks þögn / við þögn?“ Slíkt er óvenjulegt í ljóðagerð Matthíasar. Hann líkir lífi sínu við „strá sem blaktir í hægum vindi“. Það er ekki bara missirinn sem sækir á skáldið heldur einnig forgengileiki þess sjálfs, söknuður eftir því lífi sem var.

Styrkur þessara harmljóða er ekki síst fölginn í því að þau eru jafnframt fögur ástarljóð, ort með þeim hætti sem Matthíasi einum er lagið þar sem skynvið blandast og hið ytra og innra sameinast í óræðri mynd eins og í þessu kvæði þar sem náttúran og hugurinn renna saman:

Veiztu að ást mín er orðin
að andvarpi skógar sem bíður
eftir því enn eins og forðum
að einn flögri þróstur við grein,
minnst þess alls sem var áður
eftirvænting í laufi
þótt fölni það,
finni til haustsins
og falli að lokum í jörð.

En bókinn er ferli. Kannski jafnvel sállækning. Við sum ljóðin eru dagsetningar og þær eru í tímaröð svo að lesandi fær á tilfinninguna að ljóðunum sé raðað eftir því hvenær þau eru ort. Og það er eins og skáldið ná


betri stjórna á tilfinningum sínum eftir því sem líður á bókina. Ljóðin verða bókmenntalegri, vísanir, myndir og önnur stílbrögð verða markvissari því að „tíminn fer græðandi sól við svörð“ og trúin kemur aftur inn í ljóðheiminn efallaus eins og sjá má í ljóði þar sem skáldið vísar á ljóðlínu Jóhanns Sigurjónssonar „Reikult er rólaust þangið“:

Og síðar mun eilífðin opna sitt fang
og andi guðs huga að sínu
mitt ráðlausa líf sem þögn við þang
en þú í hjarta mínu.

Kveðskapur Matthíasar leynir
ávallt á sér. Í lokahluta bókarinnar
dregur Matthías upp mynd:

Sverð
á milli okkar
hvassbrýnt
eins og greinds manns
tunga
orð af vörum þínum,
ég hlusta
rauðar eru varir þínar,
þessi áfangastaður
að endalokum.

Í fljótu bragði virðist þetta ljóð fremur kaldranalegt, hvassbrýnt sverð og áfangastaður að endalokum. En í raun er þetta ástarjátning sem byggist á vísunum. Í Völsungasögu



Morgunblaðið/Kristinn

Sállækning Missir, sorg og söknuður setja mark sitt á Söknuð, nýja ljóðabók Matthíasar Johannessen.

segir á einum stað: „Hann tekr sveið Gram og leggur í meðal þeirra bert“. Það er Sigurður Fáfisbani sem leggur sverðið milli sín og Brynhildar og hefur þessi tilvitnun þótt tákna eilífa ást þeirra tveggja. Skáldvinur Matthíasar, Jorge Luis Borges, valdi þessa tilvitnun sem grafskrift sína og tjáði með henni eilífa ást sína á Maríu Kodama. Hér fær hún endurnýjun líf-

daga „hvassbrýnd / eins og greinds manns tunga“ og ljóðið fær allt aðra vídd. Svona yrkir bara skáld sem kann það.

Það er ekki síst opinská einlægni Matthíasar sem hrífur mig í þessari bók og hæfileiki hans til að miðla tilfinningum sínum og hugrenningum í ljóðrænum búningi. Í mínum huga er þetta einhver besta bók hans.